

Nr. 015 / 11 Örvar HU 2***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr. nr. 2197 IMO. nr. 8714554
Smíðaður: Vigo Spáni 1993, stál
Stærð: 736,4 brl. 1243,1 bt.
Mesta lengd: 52,2 m Skráð lengd: 45,84 m
Breidd: 11,6 m Dýpt: 7,23 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1993
Fjöldi skipverja: 16



Örvar ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. ágúst 2010 var Örvar HU 2 við bryggju á Sauðárkróki.

Grandarar höfðu verið settir til geymslu á flottromlunni vegna viðgerða á grandaravindum og voru skipverjar að færa þá aftur yfir á vindurnar. Einn þeirra fór upp á flottromluna til að losa festingar á gröndurunum. Slaka þurfti tromlunni lítilla sem var gert en ekki nægjalega mikið svo skipverjinn bað um aðeins meiri færslu. Í staðinn var híft lítilla svo skipverjinn sem stóð á tromlunni féll niður á trollþilfarið.

Í fallinu lenti slasaði utan í skipverja sem sat á bobbingagarði á trollþilfarinu og lenti því ekki á bakinu ofan á garðanum en megin þungi hans kom á vinstri fótinn svo hælbeinið brotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að flotttromluvindan stendur á flugbrautarþilfari nokkuð aftan við brúna en undir tromlunni er ekkert þilfar. Tromlan er í raun tvær tromlur og voru bara grandararnir á þeim svo kjarninn sem staðið var á sem var mjór að sögn spilmanns;
- að fallið af tromlunni niður á þilfarið er talið rúmir þrír metrar;
- að sögn slasaða bað hann um færslu á tromlunni, svo hann næði til festibanda grandarana, en vindan snerist öfugt við það sem hann bað um svo hann féll fram fyrir tromluna;
- að spilmaður sagðist í fyrstu hafa neitað að hífa en gaf sig með það þegar hinn skipverjinn sagðist vera alveg öruggur þar sem hann stæði;

- að spilmaður sagði að slasaði hafi gefið ranga bendingu en það hafi verið mistök að vinna þetta með þessum hætti. Ráðleggra hafi verið að breyta fyrir verklagi við þetta verk og taka upp nýtt með því að hífa menn í kari upp undir tromluna eins og gert verður framvegis.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var óvarkárni slasaða að standa á tromlunni á meðan hún var hreyfð og stýrimanns að heimila þetta verklag.

Hugsanlega hefði mátt koma í veg fyrir slysið ef skipverjar hefðu gert áhættumat um verkþáttinn áður en vinna hófst.